

Fundargerð 54. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2022, mánudaginn 12. desember kl. 09:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson og Grétar Ingi Erlendsson.

Að auki sat fundinn: Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

- 1. Kosning í embætti stjórnar 2022-2024 - 2212001SO**
Formaður gerði tillögu um að stjórn kjósi varaformann, gjaldkera og ritara.
*Lagt var til að varformaður samtakanna verði Guðný Birna Guðmundsdóttir.
Tillagan var samþykkt.
Lagt var til að gjaldkeri samtakanna verði Árni Eiríksson.
Tillagan var samþykkt.
Lagt var til að starfsmaður samtakanna sinni verkefnum ritara.
Tillagan var samþykkt.*
- 2. Fundaáætlun stjórnar - 2212001SO**
Lögð var fram áætlun um stjórnarfundi samtakanna fram á vor.
27. janúar 2023
17. febrúar 2023
17. mars 2023
21. apríl 2023
Áætlun samþykkt.
- 3. Reglur um stjórnarfundi og þóknun stjórnarfólks - 2212001SO**
Formaður lagði fram til afgreiðslu tillögur að reglum um stjórnarfundi og þóknun til stjórnarfólks.
Tillögur voru samþykktar.
- 4. Vinnudagur með KPMG - 2011002SO**
Lögð var fram tillaga að vinnufundur með KPMG og aðildarsveitarfélögum verði haldinn 27. janúar 2023.
Tillagan var samþykkt.
- 5. Önnur mál - 2011004SO**
Jónína Brynjólfsdóttir fór yfir stöðuna í vindorkumálum í Múlaþingi.

Ákveðið var að óska eftir að fá kynningu frá Verkfræðistofunni Eflu um

vindorkugreiningar á næsta stjórnarfund samtakanna.

Rætt var um starfshóp ráðuneytisins um vindorkunýtingu. Mikilvægt er að fulltrúar samtakanna sitji fundi starfshópsins. Ása og Jónína muni sitja þessa fundi fyrir hönd samtakanna.

Fundi var slitið kl. 10:30

Ása Valdís Árnadóttir

Árni Eiríksson

Guðný Birna Guðmundsdóttir

Jónína Brynjólfsdóttir

Knútur Emil Jónasson

Grétar Ingi Erlendsson